



Til aðgengis- og samráðsnefndar
Frá skóla og frístundaskrifstofu

Reykjavík, 30. ágúst 2023

Minnisblað

Efni: Fyrirspurn aðgengis- og samráðsnefndar um fjármagn til þjónustu fatlaðra nemenda.

Spurt er: Hver leik- og grunnskóli fær úthlutað fjármagni til þjónustu vegna fatlaðra nemenda og svo er það í höndum skólastjórnenda að gera áætlun um hvernig þeim fjármunum er varið. Hvernig eru upphæðir vegna hvers nemanda áætlaðar? Þegar ekki fæst stuðningur fyrir nemanda sem þarf aðstoð, hvað verður um þá fjármuni sem voru áætlaðir til þjónustu við tiltekinn nemanda? Þarf skólinn að skila af sér skýrslu þar sem fram kemur hvaða þjónusta var veitt eftir að skólaárinu lýkur?

Misjafnt er milli leikskóla-, grunnskóla- og frístundaskrifstofu skóla- og frístundasviðs (SFS) hvernig úthlutun stuðnings er ákvörðuð enda starfsemin í eðli sínu að mörgu leyti ólík. Hér á eftir koma svör hverskrifstofu fyrir sig við fyrirspurn aðgengis- og samráðsnefndar.

Svar leikskólahluta skóla- og frístundasviðs

Leikskólastjóri ásamt sérkennslustjóra bera ábyrgð á því fjármagni sem leikskólinn hefur til þess að sinna stoðþjónustu leikskólans.

Börn sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð, eiga rétt á stuðningi í leikskólanum undir handleiðslu sérfræðinga. Sjá nánar í [úthlutunarreglum vegna stuðnings í leikskólum Reykjavíkurborgar](#). Úthlutað er vegna tveggja flokka en einnig er um að ræða ákveðið fjármagn til stuðnings sem leikskólarnir ráðstafa sjálfir vegna barna með minniháttar þroskaröskun.

Þegar niðurstöður greininga liggja fyrir og greiningarniðurstöður benda til frávika í þroska sækir sérkennslustjóri í samráði við leikskólastjóra, að höfðu samráði við sérkennsluráðgjafa á hverfamiðstöð, um úthlutun fjármagns vegna stuðnings á þar til gerðu beiðnablaði til verkefnastjóra sérkennslu á Skóla- og frístundasviði. Þannig er gengið eftir því hvernig fjármagnið hefur verið nýtt og færð rök fyrir frekari úthlutun. Sérkennsluráðgjafar hverfamiðstöðvanna fara reglulega inn í leikskólana, veita ráðgjöf og fullvissa sig um að barnið fái viðeigandi aðstoð til þess að njóta sín í leikskólanum. Framkvæmd sérkennslu kemur einnig fram í starfsáætlun leikskólanna, en ekki er um eiginlega skýrslu að ræða um hvert tilvik fyrir sig, en gerðar eru einstaklingsáætlanir fyrir hvert og eitt barn og endurmat á árangri gerður reglulega í leikskólanum í samstarfi við foreldra barnsins.

Verkefnastjóri sérkennslu SFS safnar beiðnum saman, sorterar eftir hverfum og kemur þeim inn í Hlöðuna undir ábyrgð viðkomandi fagstjóra. Beiðnir þurfa að hafa borist fyrir 1. dags þess mánaðar sem fundir eru fimm sinnum á ári, janúar, mars, maí, september og nóvember.



Útbúið er exelskjál sem er yfirlit yfir þá einstaklinga sem þarf að endurskoða og til þess að halda utan um frá hvaða leikskóla/sérkennslustjóra beiðnir hafa borist. Þetta vinnuskjal er svo sent til sérfræðinganna sem verða með á endurmats- og úthlutunarfundi tímanlega svo þeir geti skoðað hvert einstakt mál fyrir sig og undirbúið sig fyrir fundinn. Þannig er mjög virkt eftirlit með því fjármagni sem úthlutað hefur verið. Fundinn sitja auk sérfræðinganna fagstjóri og verkefnastjóri sérkennslu SFS. Teymið á fundinum fjallar um beiðnirnar sem berast og úthlutar í samræmi við úthlutunarreglur og fjárhagsramma. Horft er til greiningarniðurstæðna við úthlutun stuðnings fjármagns en einnig hafa aðstæður barna áhrif á niðurstöður úthlutunar svo sem:

- Dagleg umönnunarþörf
- Félagslegar aðstæður
- Hjálpartækjaþörf
- Boðskiptaþörf

Haldnir eru endurmats- og úthlutunarfundir verkefnastjóra sérkennslu, fimm sinnum á ári, í samráði við hverja og eina Hverfamiðstöð í byrjun janúar, mars, maí, september og nóvember. Yfirlétt eru fundir ákveðnir til eins árs í senn og ekki vikið frá þeim tímasetningum.

Svar grunnskólahluta skóla- og frístundasviðs:

Í grunnskólum borgarinnar er stuðst við reiknilíkan sem nefnt hefur verið Edda. Það er regluverk um fjármál skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Í líkaninu er dregið úr vægi greininga við úthlutun fjármagns til skóla þar sem aðrir þættir innan líkans mæta stuðningi og sérkennslu við öll börn. Í reiknilíkani grunnskóla Reykjavíkur er þannig veitt fjármagn til faglegs skólastarfs á mörgum fjárhagsliðum. Þessir liðir skapa heildarumfang sem skólastjórnendur taka nánari ákvörðun um hvernig er ráðstafað til að koma til móts við margvíslegar þarfir nemenda. Á bak við hvert barn kemur til fjármagn úr; sértækum stuðningi, LOI útreikningur, stuðningsfulltrúi í 1. bekk, sérfræðingur annar en kennari, sérkennsla, almenn kennsla, deildarstjóri stoðþjónustu og önnur fagstörf s.s. námsráðgjafi. Auk þessara liða er einnig veitt fjármagn vegna almenns starfsmannahalds sem einnig nýtist í þjónustu við börn. Varðandi sértæka stuðninginn er staðið þannig að því að skólastjórar geta sótt um sérstakt fjármagn vegna fatlaðra nemenda á þar til gerðu eyðublaði. Það eru sérfræðingar á fagskrifstofu grunnskóla sem taka afstöðu til umsóknar. Skólastjórar grunnskóla fá upplýsingar um þá heildarfjárhæð sem þeir fá til sértæks stuðnings og hvaða nemendahópur er þar á bak við. Fjárhæðir sértæks stuðnings er ekki greind niður á nemendur meðal annars í ljósi þess hvað fjármagn til stuðnings er marglaga. Sérstök viðmið hafa verið samþykkt um rétt til úthlutunar. Flokkarnir eru 4 og eru skilgreindir með eftirfarandi hætti.

- Barn með þroskaröskun og eða atferlisröskun sem jafna má við fötlun eða geðræna sjúkdóma og krefjast þjálfunar og eftirlits og stuðnings í skóla. Þessi börn þurfa stuðning í námi og samskiptum við börn og fullorðna.
- Barn með fjölgreiningu, fötlunargreiningu, þroskahömlun, einhverfu og skyldar raskanir, þurfa þó ekki manninn með sér en sérhæfða og aðlagða kennslu.
- Barn með fötlun sem vegna hennar þarf aðstoð og nær stöðuga gæslu og eftirlit í daglegu lífi. Miðlungs eða alvarleg þroskahömlun, verulegar tengslaraskanir, einhverfa, alvarleg heyrnarskerðing og eða blinda.



- Barn með alvarlega fötlun/fjölfötlun. Börn sem falla undir D úthlutun eru algerlega háð öðrum með hreyfifærni. Þurfa aðstoð við allar athafnir daglegs lífs og eru háð aðstoðarmanni í gegnum skóladaginn.

Skólastjórar bera ábyrgð á að veita börnum þann stuðning sem til þarf til að eiga farsæla skólagöngu samkvæmt lögum um grunnskóla.

Í einstaklingsnámskrá og stuðningsáætlun barns sem gerð er af sérkennara, foreldrum og barninu sjálfu ef það á við, kemur fram að hverju er stefnt í námi barnsins og þannig á hverjum tíma vel skilgreint hvaða stuðning þarf til, hvernig honum er háttað og hver veitir hann. Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla á mat á hæfni og framförum nemenda að vera reglubundinn þáttur í skólastarfi. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum vegnar við að ná einstaklingsbundnum markmiðum sínum.

Skólastjórar þurfa að halda sig innan tiltekins fjárhagsramma.

Svar frístundahluta skóla- og frístundasviðs:

Forstöðumaður hvers frístundaheimilis og hvernar félagsmiðstöðvar ásamt deildarstjóra barnstarfs eða unglingsstarfs, eftir því sem við á, innan frístundamiðstöðvar bera ábyrgð á því fjármagni sem viðkomandi starfsstaður hefur til þess að koma til móts við sértækar stuðningsþarfir barna og unglinga. Hver forstöðumaður skipuleggur innan sinnar starfseiningar hvernig stuðningi er ráðstafað frá degi til dags.

[Sértækum stuðningi er úthlutað](#) til frístundaheimila og félagsmiðstöðva svo að öll börn og unglingar geti tekið fullan þátt í frístundastarfi og sér í lagi þau sem þurfa sérstaka hvatningu sökum fötlunar, tilfinningalegs og/eða félagslegs vanda. Úthlutun fyrir hvern starfsstað er ákvörðuð sérstaklega út frá þörf bæði einstakra barna og unglinga fyrir sértækan stuðning sem og starfsstaðarins í heild sinni. Mat á þörf fyrir stuðning er metin í hverju tilfelli fyrir sig úti á vettvangi sem og við yfirferð einstaklingsáætlana. Úthlutun er ekki ákvörðuð út frá greiningum heldur þörf hvers og eins fyrir sértæka aðstoð í frístundastarfi.

Einstaklingsáætlanir eru unnar af forstöðumönnum frístundaheimila og félagsmiðstöðva í samstarfi við foreldra og börn. Mælanleg markmið koma þar fram ásamt lýsingu á þjónustupörf og þeim leiðum sem starfsfólk þarf að fara til að ná settum markmiðum. Undirritun foreldra á einstaklingsáætlun er forsenda þess að umsókn um sértækan stuðning er tekin fyrir.

Ráðgjafarþroskabjálfar úr hverjum borgarhluta ásamt verkefnastjóra af skrifstofu frístundamála ákvarða hversu margir starfsmenn skulu starfa á hverju frístundaheimili og félagsmiðstöð til að sinna stuðningi við þau börn og unglinga sem þangað mæta hverju sinni. Í flestum tilvikum fá börn ekki þjónustu á frístundaheimilum fyrr en búið er að manna stuðningsstöðugildi, sama á við um sértækar félagsmiðstöðvar. Ef ekki næst að manna stuðningsstöðugildi í frístundastarfi er fjármagn nýtt á öðrum vettvangi í starfi með börnum og unglingum í hverju hverfi fyrir sig. Ráðgjafarþroskabjálfar fara reglulega á alla starfsstaði og fylgja eftir markmiðum einstaklingsáætlana og veita ráðgjöf og aðstoð svo allir fái notið sín í



starfinu. Endurmat á einstaklingsáætlunum fer fram á þriggja mánaða fresti þar sem farið er yfir þjónustupörf hverju sinni og hvort settum markmiðum hafi verið náð.

Fjóla Þorvaldsdóttir, verkefnastjóri leikskólaskrifstofu SFS

Alda Árnadóttir, verkefnastjóri grunnskólaskrifstofu SFS

Sigríður Rut Hilmarsdóttir, verkefnastjóri frístundaskrifstofu SFS